

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 — 1974

Nr. 4.

8

27. febrúar 1974.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 4 7. febr. 1973, um neyðarráðstafanir
vegna jarðelda á Heimaey.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tölul. 8. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1. mars 1973 til 28. febr. 1974 skal leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til. Á tímabilinu 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975 skal leggja 1% viðlagagjald á söluskattsstofn sömu aðila. Gilda ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af viðlagagjaldi á söluskattsstofn skv. þessum tölulið, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu. Kauplagnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

2. gr.

Við 4. tölul. 8. gr. laganna bætist:

Nú verður á því misbrestur, að gjaldinu samkvæmt þessum tölulið eða 3. tölulið þessarar greinar sé skilað á réttum tíma, og skulu þá vanskil sveitarfélagsins með dráttarvöxtum tekin af hluta þess í Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Dráttarvextir skulu vera 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, og skulu þeir reiknaðir frá gildistöku laga þessara. Sveitarfélögum skal ekki greitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, fyrr en skuldir þeirra við Viðlagasjóð hafa verið að fullu greiddar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. febrúar 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.